

**Nd.**

## **347. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 68 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

### **1. gr.**

4. gr. laganna skal orða svo:

Útvarpsráð skipa sjö menn.

Þrír þeirra og þrír til vara skulu kosnir hlutfallskosningu á hverju nýkjörnu Alþingi. Fellur þá jafnframt niður umboð þeirra þingkjörinna útvarpsráðsmanna, sem kosnir voru næst á undan.

Aðrir þrír og þrír til vara skulu kosnir hlutfallskosningu meðal allra þeirra, sem útvarpsnotendur teljast og greitt hafa lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum.

Kennslumálaráðherra felur skrifstofu ríkisútvarpsins að annast um, að fram fari kosning af hálfu útvarpsnotenda. Heimilt er félögum útvarpsnotenda og einstökum útvarpsnotendum að bera fram kjörlista. Skulu á hverjum lista vera nöfn sex manna, þeirra er kjörgengir eru, og fylgi hverjum lista meðmæli að minnsta kosti 200 útvarpsnotenda. Kjörgengur er hver sá útvarpsnotandi, sem greitt hefir lögmælt gjöld samkvæmt lögum þessum, er ekki fastráðinn starfsmaður ríkisútvarpsins og er búsettur í Reykjavík eða svo nálægt Reykjavík, að hann geti tekið þátt í störfum útvarpsráðs.

Kennslumálaráðherra ákveður í reglugerð nánar um tilhögun kosningarinnar og talningu atkvæða, enda sé fulltrúum útvarpsnotenda tryggður réttur til eftirlits með kosningunni.

Kosning þessi gildir til fjögurra ára í senn. Skal kosningin fara fram í febrúar eða marz, en hinir kjörnu útvarpsráðsmenn taka sæti í útvarpsráði 1. maí næstan á eftir.

Kennslumálaráðherra skipar sjöunda mann í útvarpsráð, og er hann formaður þess. Formaður skal skipaður um leið og þeir menn taka sæti í útvarpsráði, sem kosnir eru af Alþingi. Skrifstofustjóri útvarpsráðs er ritari þess.

Nú koma ekki fram við kosningu í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda neinir kjörlistar, og ferst kosning þá fyrir. Skipar þá kennslumálaráðherra þrjá menn í útvarpsráð af hálfu útvarpsnotenda til næstu fjögurra ára.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal kosið samkvæmt þeim í útvarpsráð á því Alþingi, sem samþykkir þau, en kjörtímabil þeirra manna, sem nú eiga sæti í útvarpsráði og kosnir eru af útvarpsnotendum, lengist til 1. maí 1939.

### **Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum frá forsetum Sp., sem létu fylgja því eftirfarandi greinargerð:

Við athugun hefir það komið í ljós, að ákvæði 4. gr. útvarpslaganna, um skipun útvarpsráðs, er ekki hægt að framkvæma eins og þau eru. Samkv. þessum ákvæðum voru þeir útvarpsráðsmenn, sem Alþingi velur, kosnir í sameinuðu þingi 22. des. 1934, allir til 4 ára, frá 22. marz 1935. Kjörtímabil þeirra er því útrunnið 22. marz 1939. Nú er svo fyrir mælt í lagagreininni, að innan þriggja mánaða frá því er Alþingi kys í útvarpsráð, skuli vera lokið kosningu í ráðið af hálfu útvarpsnotenda og undirbúningur þeirrar kosningar skuli hefjast þegar að lokinni kosningunni á Alþingi, enda taki hið nýkjörna útvarpsráð þegar við störfum. Af þessum ákvæðum leiðir, að of snemmt er að kjósa í útvarpsráð á þessu þingi, með því að þá þegar yrði að efna til kosningar meðal útvarpsnotenda. Hinsvegar er ekki hægt að draga kosn-

inguna til næsta Alþingis, sem væntanlega kemur ekki saman fyrr en 15. febrúar, með því að þá er of naumur tími til þess að láta fram fara kosningu meðal útvarpsnotenda fyrir 22. marz, en þá er á enda kjörtímabil allra útvarpsráðsmanna.

Framhjá þessum árekstri verður því að stýra með lagabreytingu á þessu þingi.

Það virðist hafa verið tilgangurinn, þegar kjörtímabil útvarpsráðsmanna var ákveðið 4 ár, að fulltrúar Alþingis í útvarpsráði væru kosnir af hverju nýkjörnu þingi, enda er það í sjálfu sér eðlilegt. Því er hér lagt til, að svo verði framvegis. Hinsvegar þykir ekki ástæða til þess að efna til kosninga í útvarpsráð meðal útvarpsnotenda oftár en á 4 ára fresti. Þeirri kosningu fylgir mikið umstang og kostnaður. Virðist því bæði eðlilegt og hagkvæmt að láta kosningu Alþingis í útvarpsráð og kosninguna meðal notenda verða óháðar hvora annari, eins og hér er lagt til.

Heppilegast mun, að kosningin meðal útvarpsnotenda fari fram á þeim árstíma, er útvarpsstarfsemin stendur sem hæst og áhugi manna fyrir málefnum útvarpsins ætti að vera mest vakandi, enda mundu fulltrúar útvarpsnotenda samkv. þessum tillögum taka sæti í útvarpsráði þegar vetrardagskrá er að ljúka og undirbúningur næstu vetrardagskrár að hefjast.